

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps nr. 757/2013.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

a) 1. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu og skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps kýs einn fulltrúa og annan til vara til setu í yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu (NOS), samkvæmt samningi þar að lútandi.

Fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps í yfirstjórn (NOS) hefur umboð til að taka þátt í skipun í sjö manna sameiginlega skólaþjónustu- og velferðarnefnd á starfssvæði skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði samstarfssamnings og á grundvelli 7. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, 21. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skóla- og velferðarþjónustusvæðið heitir Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings og nefndin skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.

Fulltrúar í skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings eru sjö auk jafnmargra varamanna og koma þeir úr Sveitarfélaginu Ölfusi, Hveragerðisbæ, Hrunamannahreppi, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Flóahreppi.

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings fer með stjórn sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu sveitarfélagsins skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni aldraðra skv. lögum nr. 125/1999 og málefni fatlaðra skv. lögum nr. 59/1992. Þá skipar nefndin fulltrúa í þjónustuhóp um málefni aldraða skv. 7. gr. laga nr. 125/1999 sem verður fulltrúi allra sveitarfélaganna sem að nefndinni standa, þá fer hún með áfengisvarnir skv. lögum nr. 75/1998 og barnaverndarmál skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Nefndin fer með önnur málefni skv. erindisbréfi.

b) 2. tölul. B-liðar greinarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlaða í samræmi við lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og velferðarþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa í þjónusturáðið sem skal vera forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 27. janúar 2014.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.